

Rafmagnsveitur ríkisins	20.3
Raforkumál, sérstakar framkvæmdir	15.0
Gufuveita í Reykjahlið	7.2
Jarðborun á Reykjanesi	3.6
Landshafnir	40.0
Vegir	82.6
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	10.9
Flugmál	6.0
Skólar	25.6
Sjúkrahús	37.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Búrfellsvirkjun	75.0

Alls 330.2

IV. KAFLI

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka innlend og erlend lán að jafnvirði allt að 90 millj. kr. til smíði tveggja strandferðaskipa.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

23. apríl 1968.

Nr. 25.

L Ö G

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna orðist svo:

Afsögn vegna greiðslufalls á vixli, er greiðast skal á tilteknum degi eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga, sbr. þó undantekningar í 72. gr. Nú á víxill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsg. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á.

2. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða dag, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxlinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnar-gerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð að fara fram á tilteknum fresti og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða almennur lokunardagur bankastofnana, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum um tékka, nr. 94 frá 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 55. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka orðist svo:

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.